

**50. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
30. nóvember 2016 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs og Hrefna Rún Ákadóttir félagsráðgjafi.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1610119 - Gjaldskrár 2017**

Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar Akraneskaupstaðar hækkaði um 3,2% á árinu 2016 í kr. 144.394.

*Velferðar- og mannréttindaráð leggur til við bæjarráð að grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar hækki um 3,2% 1. janúar 2016. Grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar verður því kr. 149.015.*

**2. 1611170 - Trúnaðarmál.**

Trúnaðarmál.

*Afgreiðsla trúnaðarmál.*

**3. 1512143 - Trúnaðarmál.**

Trúnaðarmál.

*Afgreiðsla trúnaðarmál.*

**4. 1609017 - Trúnaðarmál.**

Trúnaðarmál.

*Afgreiðsla trúnaðarmál.*

**5. 1606079 - Fjárhagsáætlun 2017 - 2020**

Tíma- og verkáætlun og samþykkt forsenda fjárhagsáætlunar 2017 liggur fyrir.

*Hrefna vék af fundi kl. 17:10. Sviðsstjóri lagði fram upplýsingar um forsendur fjárhagsáætlunar 2017.*

**6. 1610103 - Bakvaktir barnaverndar**

Bakvaktir Akraneskaupstaðar í barnaverndarmálum hafa verið frá 1. janúar 2011.

*Umræður um fyrirkomulag bakvakta. Velferðar- og mannréttindaráð felur sviðsstjóra að kanna möguleika á samstarfi um bakvaktir við*

*VG*

*nágrannasveitarfélög.*

**7. 1611174 - Barnavernd Akraneskaupstaðar lykiltölur 2016**

Tilkynningum til barnaverndar Akraneskaupstaðar fjölgaði nokkuð á milli árána 2012-13 og svo aftur milli árána 2013-2014. Tilkynningum fækkaði síðan aðeins á milli árána 2014-2015 og hefur haldist nokkuð jafnt síðan. Starfsmenn barnaverndar Akraneskaupstaðar nýta svo kallað Gautaborgar mælitæki sem Barnaverndarstofa hefur nýlega innleitt sem byggir á því að mæla álag í starfi barnaverndar.

*Umræður um stöðu barnaverndar.*

*Velferðar- og mannréttindaráð felur sviðsstjóra að greina stöðu málaflöksins og leggja niðurstöður aftur fyrir fund ráðsins í mars 2017.*

**8. 1611136 - Starfshópur um samráð og stefnumótun aldraða**

Á fundi bæjarráðs Akraness, sem haldinn var þann 24. nóvember síðastliðinn, voru drög að erindisbréfi fyrir starfshóp um samráð og stefnumótun aldraða á Akranesi lögð fram ásamt tillögu um skipun starfshópsins. Bæjaráð samþykkti erindisbréfið og tillögu um að skipa þær Vilborgu Þórunni Guðbjartsdóttur formann velferðar- og mannréttindaráðs og Svölu Hreinsdóttur sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs í hópinn og að Laufey Jónsdóttir verkefnisstjóri heimaþjónustu yrði ráðgefandi. Fulltrúar frá FEBAN eru þeir Jóhannes Finnur Halldórsson formaður og Júlíus Már Þórarinsson varaformaður.

*Lagt fram til kynningar.*

**9. 1611131 - Trúnaðarmál.**

Trúnaðarmál.

*Afgreiðsla trúnaðarmál.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:00.**

*Vilborg Þ. Guðbjartsd.*  
*Einar Brandsson*  
*Anna Þórz Þorgilsdóttir*

**51. fundur Velferðar- og mannréttindaráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,  
Stillholti 16-18,  
7. desember 2016 og hófst hann kl. 16:00**

**Fundinn sátu:**

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Anna Þóra Þorgilsdóttir aðalmaður, Gunnhildur Björnsdóttir áheyrnarfulltrúi, Svala Kristín Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs, Sveinborg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri og Laufey Jónsdóttir verkefnisstjóri heimaþjónustu.

**Fundargerð ritaði:** Svala Hreinsdóttir, sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1612020 - Samráðshópur eldri borgara Akraneskaupstaðar**

Unnið er að undirbúningi við stofnun samráðshóps eldri borgara á Akranesi.

*Jóhannes Finnur Halldórsson formaður FEBAN mætti til fundar kl. 16:00.*

*Jóhannes Finnur kynnti hugmynd að stofnun samráðshóps 3ju kynslóðar á Akranesi.*

**2. 1611101 - Húsfélagþjónustan, drög að nýju samkomulagi 2016-2017**

Í lok nóvember rann út samningur við Húsfélagþjónustuna. Þetta er samningur nr.3 en fyrri samningur var gerður frá september til desember 2014 en var síðan framlengdur til janúarloka 2015.

Gagnkvæm ánægja er með samninginn og efndir hans að beggja hálfu. Nú liggur fyrir tillaga að endurnýjun á samning.

*Laufey kynnti tilboð um áframhaldandi samning við Húsfélagþjónustuna.*

*Velferðar- og mannréttindaráð felur sviðsstjóra að koma á framfæri gagntilboði.*

**3. 1602187 - Reglur um félagslega heimaþjónustu - endurskoðun**

Á fundi Velferðar og mannréttindaráðs þann 7. september 2016 voru drög að breytingum á reglum um félagslega heimaþjónustu á vegum Akraneskaupstaðar lagðar fram. Ábendingar komu fram um nokkrar greinar. Búið er að fjalla um ábendingarnar á teymisfundi í félagslegri heimaþjónustu og endurskoðuð drög því tilbúin til umfjöllunar á ný.

*Laufey kynnti drög að breytingum á reglum um félagslega heimaþjónustu á vegum Akraneskaupstaðar. Velferðar- og mannréttindaráð samþykkir tillögur að breytingum á reglum um félagslega heimaþjónustu á vegum Akraneskaupstaðar og vísar þeim til afgreiðslu í bæjarstjórn.*

**4. 1612018 - Ferðaþjónusta fyrir fatlaða og aldraða 2016.**

Fjölgun hefur orðið á umsóknum í ferðaþjónustu fatlaðra og aldraðra á Akranesi. Laufey vék af fundi kl. 17:30.

*Lagðar fram upplýsingar um stöðu mála í ferðaþjónustu fatlaðra og aldraðra.*

*VG*

**5. 1609192 - Starfsáætlun velferðar- og mannréttindasviðs 2017**

Drög að starfsáætlun velferðar- og mannréttindasviðs 2017 liggja fyrir.

*Drög að starfsáætlun lögð fram til kynningar.*

**6. 1608135 - Rekstur sumar- og leikjanámskeiða fyrir 6-10 ára börn á Akranesi (2016).**

Skóla- og frístundaráð lagði til á fundi sínum 6. desember 2016 að Þorpið frístundamiðstöð sjái um framkvæmd sumar- og leikjanámskeiða fyrir 6 - 10 ára börn á Akranesi sumarið 2017. Skóla- og frístundaráð beinir jafnframt þeim tilmælum til verkefnastjóra æskulýðs- og forvarnamála og sviðsstjóra Velferðarsviðs að vera í samstarfi vegna barna og ungmenna, en Velferðarsvið hefur veitt stuðning í frístundastarfi fatlaðra barna og ungmenna með liðveislu.

*Lagt fram til kynningar.*

**7. 1608169 - Trúnaðarmál.**

Trúnaðarmál.

*Afgreiðsla trúnaðarmál.*

**8. 1511213 - Trúnaðarmál.**

Trúnaðarmál

*Afgreiðsla trúnaðarmál.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:45.**

*Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir  
Hanna Þóra Þorgrímsdóttir  
Guðmundur  
Lindr Brándaðsson  
Sveinbjörg Kristjánsdóttir  
Jóhanna Halmsdóttir*